

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Halldóru I. Sigmundsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. desember 1967.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Halldóru I. Sigmundsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Halldóru Ingibjargar Sigmundsdóttur frá Knarrarhöfn í Hvammssveit.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 33 000.00 — þrjátíu og þrjú þúsund krónur — gefið af börnum Halldóru á 100 ára afmælisdegi hennar, 30. apríl 1967. Höfuðstóll sjóðsins, kr. 33 000.00, má ekki skerða, en heimilt er að verja öllum árlegum vöxtum skv. 3. gr., ef stjórnin telur þess þörf, ella leggjast þeir við höfuðstólinn.

3. gr.

Sjóðurinn er eign húsmæðraskólans á Staðarfelli. Fé úr honum skal varið til styrktar kaupa á kennslutækjum fyrir skólann, jafnt hvort þau eru til nota við bóklega eða verklega kennslu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa forstöðukona skólans og skólaráð. Ræður stjórnin fjárframlagi sjóðsins hverju sinni.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Búnaðarbankanum í Búðardal, Dalasýslu. Útibústjórinn þar er reikningshaldari sjóðsins, en ársreikningur skal endurskoðaður af hreppstjóranum í Fellsstrandarhreppi og sóknarprestinum í Hvammsprestakalli.

6. gr.

Heimilt er að taka á móti gjöfum í sjóðinn, sem ekki brjóta í bága við skipulagsskrá hans.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfest og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 21. desember 1967.